

Álftatalning

Fræðilegur grunnur

Álftin er stærsti varpfugl landsins. Latneskt heiti hennar er *Cygnus cygnus*, en það má flokka fuglinn í stóran fugl af andaætt, eða sundönd. Hún er auðþekkjanleg frá öðrum íslenskum fuglum á stærð, lit og löngum hálsi. Hún er alfriðuð, enda stofninn ekki stór.

Varpstaðir álftarinnar utan Íslands eru í Skandinavíu (aðallega í Finnlandi og Svíþjóð), á túndrusvæðum Rússlands og á strjálungi í Austur-Evrópu, aðallega í Eystrasaltslöndunum og í Hvíta-Rússlandi. Aðeins í kringum tíundi hluti íslenskra álfta hafa vetursetu á Íslandi en annars dveljast þær flestar á Bretlandseyjum yfir vetrarmánuðina. Dvalartími fuglsins á Íslandi er hins vegar frá miðjum mars fram í miðjan nóvember. Talingar segja álftastofninn hafa verið frá 15.000 upp í 19.000 fuglar hin síðari ár og varpstofninn á landinu aðeins um 2.500 til 3.000 pör.

Einkenni álftarinnar eru þannig að hún er alhvít með svarta fætur og dökk augu. Kynin eru eins í útliti en karlinn er stærri og þyngri. Goggurinn er svartur með gulri rót, hálsinn er langur og beinn og svo er búkurinn flatur og afturhallandi stélið á sundi. Það er hægt að sjá mun á fullorðnum fuglum og ungum fuglum, en þeir ungu eru ljósgrábrúnir með ljósrautt nef með dökkum oddi. Þeir geta svo verið meira eða minna gráir eða ryðrauðir af mýrarrauða í vötnum á sumrin.

Álftir eru jurtaætur, og borða þá vatnaplöntur og gras, sem leita ætis bæði á þurru landi sem og vatni og hálfkafar þá oft, með afturendann upp í loft. Vegna þess að þær sækjast í tún eru þær taldar miklir skaðvaldar af landeigendum.

Flug álftarinnar er kröftugt með sterklegum, hægum vængjatökum og hún teygir hálsinn beint fram á flugi en fótarnir eru lóðréttir á sundi. Þegar hún hefur sig til flugs hleypur hún svo á vatninu.

Álftin heldur sig á vötnum, tjörnum og í votlendi á sumrum og verpir á bökkum, í hólum eða mýrum. Kjörsvæði farfugla eru lífrík vötn, ár og óshólmar ásamt lyngnum vogum og strandlönnum. Þessi fugl er líka félagslyndur og er venjulega í hópum nema á varptíma en þá verja hjónin óðal.

Varp- og ungtímabil álftarinnar er frá maí fram í lok september. Hún verpir frá tveimur til sex eggjum í einu, hvítum eða gulhvítum að lit, og liggur svo á þeim í 34 - 35 daga. Ungatíminn er svo 77 - 91 dagar. Hún verpir um allt land, bæði á láglandi og á hálendi. Þær gera sér hreiður sem háa dyngju með djúpri skál til að verpa í. Þá reyta þær hreiðrið upp og fóðra það með dúni. Þeir nota oft sama hreiðurstæðið ár eftir ár.

Álftir fella svo flugfjaðrir sínar síðsumars, eru þá ófleygar um tíma og þá er sagt að þær séu „í sárum“. Hæsta staðfesta aldri álftar náði fugl sem merktur var í Kaupmannahöfn og varð 26 ára og 6 mánaða gamall þegar ævi hans lauk. Íslenski álftastofninn er sérstök deilitegund þar sem hann er svo æxlunarlega einangraður frá öðrum álftum. Deilitegundin nefnist *Cygnus cygnus islandicus*.

Markmið talningarinnar

Markmiðið með framkvæmd þessarar álftatalningar og sýnatöku var að fylgjast með búsvæði og lífríki álftarinnar ásamt því að koma upp svokölluðu vöktunarverkefni sem felst í því að safna saman sömu upplýsingum árlega þannig að hægt sé að nota þær til samanburðar þegar til lengri tíma er litið.

Búnaður sem notaður var

- ❖ Sjónauki / telescope
- ❖ Kíkir
- ❖ GPS - tæki
- ❖ Veiðiháfur
- ❖ Tvær krukkur



- ❖ Hitamælir
- ❖ Seltumælir
- ❖ pH - mælistikur
- ❖ Skrifblokkir / feltbækur
- ❖ Blýantar

Framkvæmd

Lagt var af stað úr Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu fimmtudaginn 31. mars 2011 um rúmlega 08:20 og ekið upp í Lón. Fyrst í stað var stoppað Austan við Hvalnes og tekið GPS-hnitið á þeim punkti, og merktur sem staður 1. Þá var sett smá úr vatninu í krukku og mælt seltumagnið, sýrustigið og hita vatnsins. Næst var gengið yfir veginn að stað 2 sem var Hvalnes, litla lónið. Sömu upplýsingar voru mældar þar en punkturinn var 6 m yfir sjávarmáli. Þá var gengið að hylnum eða ræsinu í sama lóni og veitt þrisvar sinnum með háfinum og sett sýni í krukku með hvítu loki. Á þeim stað var einnig tekið GPS-hnitin. Næst var ekið að útsýnispallinum sem var merktur sem staður 3. Þar var tekið GPS-hnitin og staðurinn var 2 m yfir sjávarmáli. Sýrustigið, seltumagnið og vatnshitinn voru einnig mæld þarna. Þar næst var veitt enn á ný í háfinn þrisvar sinnum og sett sýnin í krukku með bláu loki. Þegar þessu var lokið var hafist handa við að telja álfir. Meðan á því stóð fundust hræ álfar hinum megin klettans þar sem hálsinn og hryggurinn var ennþá heill. Haldið var þá förrinni áfram og gengið var á milli þessa punkts og þess næsta. Á þeirri leið fundust nokkrir dauðir fuglar og má þar nefna einn dilaskarf, grágæs og nokkrar álfir. Hræin voru öll á mismunandi rotnunarstigi. Á leiðinni fannst einnig einn lifandi snjótittlingur. Þegar komið var á áfangastað var hann kallaður staður 4 og þar var tekið GPS-hnitin. Þegar þangað var komið var svo ekið á Svínhóla þar sem staður 5 var og tekið GPS-hnitin. Þar var afar mikið um álfthræ og engin þeirra merkt. Þar var svo talið álfir enn á ný en á lóninu voru einnig endur, aðallega stökkendur, og gæsir. Þegar því var lokið var haldið heim á leið en á leiðinni var stoppað uppi á hæð hjá klöppunum austan við Reyðará og tekin GPS-hnit þess staðar sem kallaður var staður 6. Svo var stoppað í fundarhúsi Lónsmanna og farið yfir mælingarnar.

Mánudaginn 4. apríl hittist svo hópurinn aftur og fór yfir sýnin í smásjá og mælingarnar sem svo má sjá í eftirfarandi niðurstöðu- og mælingarkafli.



Mæliniðurstöður og úrvinnsla

- ❖ Staður 1 : Austan við Hvalnes
64°24'384N
14°33'045V
Seltumagn = 3‰
Sýrustig = 6,5 – 7
Vatnshiti = 5°C
- ❖ Staður 2 : Hvalnes, litla lón, 6 m yfir sjávarmáli
64°24'409N
14°32'992V
Seltumagn = 2‰
Sýrustig = 6
Vatnshiti = 5,3°C
- ❖ Ræsi sýnataka, 3 sýni í krukku m/hvít lok
64°24'526N
14°33'195V
- ❖ Staður 3 : Útsýnispallur, 2 m yfir sjávarmáli, sýni í krukku m/bláu loki
64°25'071N
14°35'543V

Sýrustig = 6,5

Seltumagn = 3‰

Vatnshiti = 5,6°C

Álftir: 500+300+200+500+400+250+300+500+300+500+200+640 = 4590

- ❖ Gengið milli punkta
Nokkrir dauðir fuglar: 1 dílaskarfur, nokkrar álftir, grágæs
Hræ á mismunandi rotnunarstig
1 lifandi snjótittlingur
- ❖ Staður 4 :
64°25'370N
14°36'794V
- ❖ Staður 5 : Svínhólar
64°25'881N
14°41'301V
Álftir: 500+500+200+1100 = 2300
Á lóninu voru endur (stokkendur aðallega) og gæsir
- ❖ Staður 6 : klettur, uppi á hæð, inni í bíl
64°25'515N
14°42'912V
- ❖ Heildarfjöldi álfta = u.þ.b. 6890



Við skoðun sýnanna

Við skoðun sýnanna fannst mikið af alls konar grænþörungum, mikið af þyrildýrum og þó nokkuð af ornum/þráðormum eða snýkudýrum.

Ályktanir og túlkun á niðurstöðum

Heildarfjöldi álftanna var um 6900, en hann hefur mælst meiri áður. Það gæti verið að fleiri álftir eigi eftir að koma til landsins fyrir sumarið. Það getur einnig markast af því hversu marga fugla við sáum dauða. Það kom líka á óvart hversu mörg fuglshræ fundust. Það gæti þýtt að eitthvað gæti verið að trufla fuglana, önnur dýr eða aðrir fuglar að ráðast á þá. Þetta er líkast til ekki nein veiki að hrjá þá eða sjúkdómur. Það getur líka bara verið að álftirnar hafi dreift sér meira um landið núna, en þetta væri þá ríflega helmingur fuglanna. Einnig var athugavert að það væru þyrildýr og ormar í vatnasýnunum en sjaldan eru þyrildýr í svona vötnum.

Heimildir

<http://www1.nams.is/fuglar/details.php?val=1&id=29#>

<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5025>

<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=4534>

http://myndir.fuglar.is/picture.view.php?picture_id=1852

http://myndir.fuglar.is/picture.view.php?picture_id=1721

Alexandra Winther

12.04.11